


Sumarkvöld
með
Jónasi Tómassyni
tónskáldi



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 26. júlí 2016 kl. 20:30

EFNISSKRÁ:

Forleikur – Vetrartré

Hlíf Sigurjónsdóttir

Sonata VIII

Anna Áslaug Ragnarsdóttir

Doloroso

Hlíf Sigurjónsdóttir

Anna Áslaug Ragnarsdóttir

Fjögur Andalúsíuljóð

Garðurinn • Ástmærin

Bjart hörund • Mín elskaða kemur

Herdís Anna Jónasdóttir

Sólveig Anna Jónsdóttir

Jökla

Embla

Tinna Þorsteinsdóttir

Sonata XXII

Leon van Mil

Anna Áslaug Ragnarsdóttir

Hvíti trúðurinn

Herdís Anna Jónasdóttir

Anna Áslaug Ragnarsdóttir

Dótapolki

Tinna Þorsteinsdóttir

Fimm lög fyrir krakka á öllum aldri

Sögull og Þögull • Símalandi í Símalandi

Öfugumeginframúrstefna • Vor • Heimskringla

Herdís Anna Jónasdóttir

Þórunn Arna Kristjánsdóttir

Anna Áslaug Ragnarsdóttir

VETRARTRÉ

„Jónas Tómasson samdi Vetrartré fyrir mig vorið 1983, en þá hafði ég kennt tvo vetur á Ísafirði. Síðari veturinn var með afbrigðum snjóþungur og þegar ég kvaddi Ísafjörð í júní með Vetrartrén í farteskinu, voru enn fannir í garðinum hjá Jónasi og Siggu og var Jónas að hlúa að trjám og saga greinar sem brotnað höfðu undan fargi vetrarins“. (Hlíf Sigurjónsdóttir)

Vetrartré er eitt mest leikna einleiksverk Jónasar og hefur nokkrum sinnum verið hljóðritað.

SONATA VIII

Sónötur Jónasar eru ekki sónötur í hinu hefðbundna, klassíska formi heldur notar hann þetta heiti um einleiks- og kammerverk af hinu fjölbreyttasta tagi og eru sónötur hans um 25 talsins.

Sónata VIII frá árinu 1973 er elsta verkið á efnisskránni, en Jónas samdi það og færði Siggu konu sinni á pappírsbrúðkaupsafmæli þeirra. Anna Áslaug frumflutti verkið á Myrkum músíkdögum og lék það síðar inn á hljómplötuna Íslensk píanótónlist (1985). Verkið er í fjórum samtengdum hlutum og er nótan - H - tónmiðja þeirra allra.

DOLOROSO

Jónas samdi verkið árið 1997 að beiðni Unnar Maríu Ingólfsdóttur fiðluleikara og hafði í huga eftirfarandi texta úr Nýja testamentinu, þar sem Jesús grætur yfir Jerúsalem:

„Og er hann kom nær og sá borgina, grét hann yfir henni og sagði: Ef þú hefðir aðeins vitað á þessum degi, hvað til friðar heyrir! En nú er það hulið sjónum þínum. Því að þeir dagar munu koma yfir þig, að óvinir þínir munu gjöra virki um þig, setjast um þig og þröngva þér á alla vegu.“ (Lúkas 19.41–2)

FJÖGUR ANDALÚSÍULJÓÐ

Anna Júlíana Sveinsdóttir mezzósópran pantaði þennan ljóðaflokk árið 1996 og frumflutti hann ári síðar ásamt með Sólveigu Önnu Jónsdóttur píanóleikara. Þau Jónas og Anna Júlíana höfðu bæði hrifist af ástríðufullum ljóðum arabískra skálda, er bjuggu í Andalúsíu á miðöldum, og sem nýlega höfðu komið út í íslenskri þýðingu Daníels Á. Daníelssonar. Jónas samdi lög við fjögur þessara ljóða og var það markmið hans að ná fram hinum einstaka andblæ þeirra jafnframt því að lag og ljóð rynnu saman í sem sterkasta heild.

Herdís Anna flutti ljóðin á útskriftartónleikum sínum frá Listaháskóla Íslands vorið 2006 og þá í útsetningu föður síns fyrir fiðlu, selló og klarinett.

JÖKLA OG EMBLA

Jónas færði Tinnu þessi örstuttu píanólög að gjöf 2011. Heiti laganna vísa til Áshildar Jöklu og Steinunnar Emblu, dætra Tinnu og Ragnars Torfa, sonar Jónasar. Tinna flutti lögin opinberlega í fyrsta sinn á tónleikum sínum á Myrkum músíkdögum 2012.

SONATA XXII

Sonata XXII er tækifærisverk, samið 1992 í tilefni af brúðkaupi Guðrúnar Önnu, systur Jónasar, og Leons van Mil. Verkið heyrir nú í fyrsta sinn hér á landi.

HVÍTI TRÚÐURINN

Allt frá unglingsárum hefur Jónas haft mikið dálæti á ljóðum Nínu Bjarkar Árnadóttur og hefur hann samið tónlist við fjölda þeirra. Jónas kynntist *Hvíta trúðnum* fyrst í handriti sem Nína Björk sýndi honum, og hann hreifst svo að hann setti það strax við tónlist sem vitnar glettnislega í trúðastefið í Petrusku Stravinskís. Anna Júlíana og Lára Rafnsdóttir fluttu lagið í fyrsta sinn á tónleikum á Ísafirði 1988.

DÓTAPOLKI

Jónas samdi þennan léttleikandi „polka“ sem aukalag fyrir einleikstónleika Tinnu á Myrkum músíkdögum 2012. Meðleikarinn er gjarnan gripinn af handahópi úr hópi annarra flytjenda eða áheyrenda.

FIMM LÖG FYRIR KRAKKA Á ÖLLUM ALDRI

Forsagan að tilurð þessa lagaflokks er sú, að þær vinkonur og stöllur Herdís Anna og Þórunn Arna stofnuðu barnaleikhúsið *Kátir krakkar* á bernskuárum sínum á Ísafirði. Undir hatti leikhússins fluttu þær ýmis leikrit, tónlist af öllu tagi, lásu uppsögur og ljóð, og voru ljóðabækur Þórarins Eldjárns, Heimskringla og Óðfluga, vinsæl viðfangsefni. Vorið 1997 færði Jónas þeim vinkonunum að gjöf lagið *Sögul og Þögul*, og síðan komu hin ljóðin fjögur hvert af öðru. Herdís og Þórunn fluttu lögin síðar víða um land, og hafa þau einnig heyrst í flutningi kvenna- og barnakóra.

Jónas Tómasson stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík, m.a. hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, en hélt síðan til framhaldsnáms í Amsterdam þar sem hann sótti tíma hjá Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst árin 1969–1972. Á þessum umbrotatímum hafði Amsterdam mikið aðdráttarafl fyrir unga listamenn frá öllum heims-hornum, m.a. var þar miðstöð nokkurra framsækinna myndlistarmanna sem stofnuðu SÚM-hópin. Jónas varð fljótt virkur SÚM-ari og konseptlistin, sem hópurinn aðhylltist, hafði mikil áhrif á list hans.

Jónas fluttist til Íslands árið 1973 og settist að á Ísafirði, þar sem hann hefur að mestu dvalið síðan. Þar hefur hann látið að sér kveða á ýmsum sviðum tónlistarlífsins, m.a. sem kennari í tónfræðigreinum og flautuleik, sem flautuleikari og kórstjóri og um áratuga skeið hefur hann haft umsjón með tónleikahaldi fyrir Tónlistarfélag Ísafjarðar. Tónsmíðarnar hafa þó ævinlega átt hug hans allan og síðustu árin hefur hann helgað sig þeim eingöngu.

Jónas er afar mikilvirkt tónskáld og eftir hann liggur fjöldi verka af ólíkum toga. Hann hefur samið fjölmörg hljómsveitarverk og á síðustu árum hefur hann m.a. samið átta Sinfóníettur þar sem hann kannar hljóðheim sinfóníuhljómsveitarinnar með mismunandi hljóðfæraskipan. Eftir hann liggja einnig nokkrir konsertar, m.a. fyrir orgel, víólu, píanó, tvö píanó og sinfóníuhljómsveit. Kórverk, ekki síst kirkjuleg, skipa stóran sess í tónverkasafni Jónasar, má þar nefna *Missa Tibi Laus*, *Lúkasaróratoríu*, *Missa brevis* og *Söngva til jarðarinnar*. Þá hefur hann samið fjöldann allan af kammerverkum fyrir ólíkar og oft frumlegar samsetningar hljóðfæra. Loks hefur Jónas samið fjölda einleiks- og einsöngsverka fyrir ýmis hljóðfæri, oft að beiðni einstakra flytjenda.

Verk Jónasar hafa verið flutt af mörgum fremstu tónlistarmönnum hér á landi, t.d. hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands margsinnis flutt sinfónísk verk hans og konserta. Kammersveit Reykjavíkur, Caput-tónlistarhópurinn, kammerhópurinn Ýmir, Mótettukór Hallgrímskirkju og fjölmargir aðrir minni tónlistarhópar hafa haft verk hans á efnisskránni og flutt þau víða um

heim.

Upptökur hafa verið gerðar af fjölda verka Jónasar og mörg þeirra hafa einnig komið út á geisladiskum. Íslensk Tónverkamiðstöð gaf út geisladiskinn *Portrait* með tónlist hans og geisladiskurinn *Dýrð Krists* inniheldur samnefnt verk Jónasar fyrir orgel.

Jónas hefur nokkrum sinnum hlotið starfslaun listamanna og árið 2000 var hann útnefndur fyrsti bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar.

Herdís Anna Jónasdóttir stundaði söngnám við Tónlistarskóla Ísafjarðar, Listaháskóla Íslands og Hanns Eisler tónlistarháskólann í Berlín. Að loknu námi var hún ráðin til eins árs að óperustúdíói Óperunnar í Zürich. Herdís hefur tekið þátt í fjölmörgum óperuuppfærslum í Þýskalandi, Íslandi og Sviss. Meðal helstu hlutverka eru *Adele* í *Leðurblökunni*, *Zerlina* í *Don Giovanni*, *Drottningin frá Schemacha* í *Gullna hananum*, *Mabel* í *Pirates of Penzance*, *Sophie* í *Werther*, *Nannetta* í *Falstaff*, *Oscar* í *Grímu-dansleiknum* og *Musetta* í *La Bohème*.

Herdís hefur margsinnis komið fram á tónleikum, til dæmis með Kammersveit Reykjavíkur, á Carl-Orff tónlistarhátíðinni, með Saarländisches Staatsorchester og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Frá haustinu 2013 hefur hún verið fastráðinn einsöngvari við Ríkisóperuna í Saarbrücken í Þýskalandi og nýlega var hún valin *Söngvari ársins* af vinafélagi óperunnar þar.

Þórunn Arna Kristjánsdóttir hóf ung nám við Tónlistarskóla Ísafjarðar, en fór til Reykjavíkur, nam við tónlistardeild Listaháskóla Íslands og lauk B. Mus. gráðu í söng vorið 2006. Hún nam síðar við leiklistardeild sama skóla og útskrifaðist þaðan vorið 2010. Þá réðst hún sem leikari að Þjóðleikhúsinu og kom fram í sýningum, m.a. *Afmælisveislunni*, *Vesalingunum*, *Heimsljósi*, *Ballinu á Bessastöðum* og *Litla prinsinum*. Þá var hún tilnefnd til Grímuverðlauna fyrir aðalhlutverkið í *Karma* fyrir fugla. Árið 2014 flutti hún sig til Borgarleikhússins í Reykjavík og hefur meðal annars leikið í *Beint í æð*, *Mávinum*, *Billy Elliot* og nú síðast í *Mamma mía*.

Þórunn Arna hefur leikið í sjónvarpsþáttum og tekið þátt í ýmsum leiklistartengdum verkefnum héraendis og erlendis. Í Íslensku Óperunni fór hún með hlutverk litlu stúlkunnar með eldspýturnar í samnefndum söngleik og hlutverk *Floru* í óperunni Tökin hert eftir Benjamin Britten.

Hlíf Sigurjónsdóttir nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff og síðar nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sínfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Geisladiskar með öllum partítum og sönötum eftir J.S. Bach í flutningi hennar og diskurinn *DIALOGUS*, með tónverkum sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana, hafa hlotið frábæra erlenda dóma.

Leon van Mil stundaði tónlistarnám við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam og lauk þaðan námi sem spuna-tónlistarmaður með baritónsaxófón sem aðalhljóðfæri. Síðan þá hefur hann verið afar virkur sem saxófónleikari í hinum ýmsu tónlistarstílum með áherslu á djass. Hann er meðlimur í danshljómsveitinni Zoot, Djasskvartettinum Beaugard og í popphljómsveitinni Vanzanden og er stjórnandi stórsveitar í Amsterdam. Leon hefur gefið út nokkra geisladiska með saxófónkvartett sínum Saxo Panico. Þá hefur hann farið í tónleikaferðir til Kína, Tælands og víða um Evrópu, meðal annars Íslands.

Samhliða hljóðfæraleiknum kennir Leon á saxófón og leiðir Djassakademíu Tónlistarskóla Amsterdam.

Tinna Þorsteinsdóttir er menntuð sem klassískur píanóleikari, stundaði nám í Hannover og Münster í Þýskalandi og síðar í Boston. Hún hefur víðtæka reynslu á sviði nýrrar tónlistar og hefur skapað ýmis konar hljóðverk og gjörninga, komið fram sem spunalistamaður og í auknum mæli verið í samvinnu við

aðrar listgreinar.

Tinna hefur haldið fjölda einleikstónleika víða um heim og komið fram á ýmis konar viðburðum, t.d. á Heimssýningunni í Shanghai 2010, Fenejvatvíæringnum 2011, Listahátíð í Reykjavík og Tectonics tónlistarhátíðinni. Hún er stofnandi og einn listrænna stjórnenda listahópsins Jaðarber og er annar listrænna stjórnenda listahátíðarinnar Cycle. Einleiksdiskur Tinnu, *Granit Games*, með íslenskum píanóverkum, kom út hjá Smekkleysu 2007. Tinna hlaut Menningarverðlaun DV árið 2013.

Sólveig Anna Jónsdóttir hóf píanónám hjá Ragnari H. Ragnar við Tónlistarskóla Ísafjarðar og nam einnig við tónlistarskólana á Akureyri og í Reykjavík. Framhaldsnám stundaði hún hjá Nancy Weems við háskólann í Houston í Texas. Hún hefur lengst af haft píanókennslu og meðleik með nemendum að aðalstarfi, en gegnir nú stöðu aðstoðarskólalastjóra Tónlistarskóla Garðabæjar.

Meðfram kennslu hefur Sólveig Anna tekið virkan þátt í tónlistarlífinu, haldið fjölda tónleika héraendis og erlendis sem meðleikari einsöngvara og kóra, leikið kammertónlist af ýmsu tagi og tekið þátt í flutningi verka með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku Óperunni og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Anna Áslaug Ragnarsdóttir stundaði tónlistarnám við tónlistarskólana á Ísafirði og í Reykjavík, og síðar í London og München. Hún hefur komið fram sem píanóleikari víða um Evrópu, Norður-Ameríku og Japan. Á Íslandi hefur hún haldið fjölda einleikstónleika, m.a. á vegum Myrkra musíkdaga, Tíbrár, Listasafns Sigurjóns, tónlistarfélaganna í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði, og oft leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Anna Áslaug hefur leikið inn á fjölmargar upptökur fyrir útvarp og sjónvarp, auk þess sem Íslensk tónverkamiðstöð hefur gefið út hljómplötu þar sem hún leikur íslensk píanóverk. Á síðari árum hefur Anna Áslaug verið í vaxandi mæli virk sem meðleikari í ljóðasöng og kammermúsík. Hún býr nú í München og Reykjavík.